

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/773
komudagur 2.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. febrúar 2007
Tilvísun: 2007010082/12.1
SE/BH
17.01.2007


Efni: Um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, 381. mál, bílpróf 18 ára.

Með bréfi dags. 17.01. sl. er óskað umsagnar Vegagerðarinnar vegna ofangreinds frumvarps til laga um breyting á ákvæðum umferðarlaga er varða bílpróf. Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksaldur til bílprófs verði í áföngum hækkaður úr 17 árum í 18 ár.

Í greinargerð með frumvarpinu koma fram ýmsar röksemdir fyrir því að æskilegt sé vegna öryggis umferðar og af öðrum ástæðum að hækka lágmarksaldur til bílprófs í 18 ár. Vegagerðin telur frumvarpið áhugavert innlegg í umræðu um aukið umferðaröryggi og þau sjónarmið og tillögur sem þar koma fram allrar skoðunar verð sem og annað er snýr að ungu öikumönnum sérstaklega.

Vegagerðin tekur að svo komnu ekki afstöðu til efnis frumvarpsins en telur tillögu frumvarpsins eina af þeim leiðum sem skoða þarf nánar til að auka öryggi ungra ökumanna í umferðinni.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.